



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhóls götu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 25. janúar 2023
Tilv.: DMR22110056/10.1

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til dómsmálaráðuneytis, dags. 24. janúar 2023, þar sem nefndin óskar eftir minnisblaði frá ráðuneytinu vegna þeirra umsagna sem henni hafa borist um 428. mál – meðferð sakamála (málsmeðferð hjá Endurupptökudómi).

Svo sem rakið er í frumvarpinu kvað Endurupptökudómur upp úrskurð þann 30. desember 2021 (mál nr. 26/2021) þar sem fallist var á beiðni um endurupptöku á sakamáli sem dæmt var í Hæstarétti þann 31. október 2013 (mál nr. 135/2013). Byggðist úrskurður Endurupptökudóms einkum á því að verulegur galli hefði verið á meðferð málsins í Hæstarétti og var í því tilliti aðallega vísað til þess að brotið hefði verið gegn reglunni um milliliðalaus sönunarfærslu. Skyldi málið endurupptekið fyrir Hæstarétti. Hið endurupptekna mál kom því að nýju til kasta Hæstaréttar sem vísaði því frá með dómi þann 5. október 2022 (mál nr. 7/2022). Byggðist sú niðurstaða meðal annars á því að munnleg sönunarfærsla gæti ekki lengur farið fram fyrir Hæstarétti og Endurupptökudómi hefði því borið að nýta heimild til að vísa málinu til meðferðar hjá Landsrétti. Þá vísaði Hæstiréttur til þess að í ljósi þess að málið hefði verið endurupptekið af þeirri ástæðu að meðferð þess fyrir Hæstarétti hefði verið í ósamræmi við regluna um milliliðalaus sönunarfærslu, yrði ekki úr því bætt nema leiða ákærða í málinu og vitni fyrir dóm til skýrslugjafar. Hæstarétti væri ókleift að bæta úr þessu, þar sem sönunarfærslan gæti ekki lengur farið þar fram, og því væri óhjákvæmilegt að vísa málinu frá réttinum. Af frávísuninni leiðir að sýkna endurupptökubeiðanda samkvæmt áfrýjuðum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. janúar 2013 stendur óröskuð. Sama niðurstaða varð í dómi Hæstaréttar Íslands frá 9. nóvember 2022 (mál nr. 8/2022) þar sem tekið var fyrir mál sem Endurupptökudómur hafði heimilað endurupptöku á samkvæmt beiðni þriggja aðila en þeir úrskurðir Endurupptökudóms voru einnig kveðnir upp þann 30. desember 2021 (mál nr. 20/2021, 29/2021 og 30/2021). Það mál hafði áður verið dæmt í Hæstarétti þann 28. apríl 2016 (mál nr. 74/2015) og í héraði þann 17. desember 2014.

Með úrskurði þann 31. október 2022 (mál nr. 15/2022) féllst Endurupptökudómur á beiðni um endurupptöku annars sakamáls sem dæmt var í Hæstarétti þann 4. febrúar 2016 (mál nr. 842/2014). Í þeim úrskurði kemur fram að það falli undir Endurupptökudóm, sem sé sérdómstóll, að taka afstöðu til þess hvort mál sem dæmd hafa verið í Hæstarétti og fallist sé á endurupptöku á eigi að sæta endurupptöku hjá Hæstarétti eða hvort beita eigi undantekningunni um að þau séu endurupptekin hjá Landsrétti. Af nánari rökstuðningi Endurupptökudóms er jafnframt ljóst að sá dómstóll telur ekki heimilt að vísa enduruppteknu máli, sem dæmt hefur verið í Hæstarétti, til meðferðar og dómsuppsögu í Landsrétti, nema umrætt mál hafi áður fengið meðferð í Landsrétti. Var málinu því vísað til meðferðar í Hæstarétti en hefur ekki verið dæmt þar. Í því máli var endurupptökubeiðandi sakfelldur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þann 19. nóvember 2014.

Af framangreindum niðurstöðum Endurupptökudóms og Hæstaréttar leiðir að ekki er í enduruppteknu sakamáli fyrir Hæstarétti unnt að bæta úr ágöllum á meðferð máls þegar brotið hefur verið gegn

reglunni um milliliðalausar sönnunarfærslu. Í reglunni um milliliðalausar sönnunarfærslu felst nánar að ákærði og vitni, sem leidd eru fyrir dóm, skuli gefa skýrslu fyrir þeim dómurum sem skera úr um sekt eða sýknu ákærða, auk þess sem skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn skulu lögð fyrir þá. Að baki þessu búa þau rök að með því að dómari kynni sér sönnunargögn af eigin raun, þar á meðal hlýði sjálfur á framburð ákærða og vitna, sé líklegra að hann dæmi málið á réttum grundvelli. Þetta er í samræmi við aðra meginreglu sem gildir í sakamálaréttarfarum um að leiða skuli hið sanna í ljós eða það sem nefnt hefur verið sannleiksreglan. Ef brotið er gegn reglunni er jafnan nauðsynlegt að taka að nýju skýrslur fyrir dómi af ákærða og vitnum við endurtekna málsmeðferð. Fyrir liggur að Hæstiréttur hefur ekki heimild til slíkrar skýrslutöku, og Endurupptökudómur telur sér ekki heimilt að vísa slíkum málum til meðferðar hjá Landsrétti – sem hefur þess háttar heimild til skýrslutöku.

Rétt er að taka fram að þetta á einungis við um mál sem dæmd voru í Hæstarétti fyrir 1. janúar 2018. Þá tók Landsréttur til starfa og hafa öll sakamál sem áfrýjað hefur verið frá héraðsdómi komið til meðferðar þess dómstóls frá þeim tíma. Ljóst má telja að Endurupptökudómur telur sér heimilt á grundvelli 1. mgr. 232. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, að vísa máli sem dæmt hefur verið í Hæstarétti eftir 1. janúar 2018, til meðferðar og dómsuppsögu hjá Landsrétti, ef nauðsynlegt væri að taka skýrslur fyrir dómi.

Í ljósi framangreinds er lagt til með frumvarpinu að lögfest verði skýr heimild fyrir Endurupptökudóm, til að vísa máli, þar sem fallist hefur verið á endurupptöku á og dæmt hefur verið í Hæstarétti fyrir 1. janúar 2018 til meðferðar og dómsuppsögu í Landsrétti. Verði frumvarpið að lögum mun þannig verða hægt að bæta úr ágöllum er varða milliliðalausar sönnunarfærslu fyrir áfrýjunardómstól, Landsrétti, sem heimild hefur til að taka skýrslu af ákærða og vitnum. Rétt er að halda því til haga að heimilt væri að sækja um leyfi til að áfrýja slíkum dómi Landsréttar til Hæstaréttar eftir almennum reglum.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að auknu réttaröryggi og leiðir frumvarpið til þess að unnt verður að bæta úr ágöllum á meðferð máls fyrir dómi þar sem brotið var gegn milliliðalausri sönnunarfærslu. Endurtekin málsmeðferð eftir réttum reglum leiðir jafnframt til efnislegrar endurskoðunar þeirra héraðsdóma sem það tekur til, um sýknu eða sakfellingu, á áfrýjunarstigi. Ekki verður séð að heimild til að bæta úr ágalla á málsmeðferð með þessum hætti geti falið í sér íþyngjandi eða afturvirka beitingu laga. Í því tilliti verður að hafa hugfast að ástæða þess að fallist er á endurupptöku sakamáls, þar sem brotið hefur verið gegn fyrrgreindri meginreglu um milliliðalausar sönnunarfærslu, er sú að ákærðu fóru á mis við það að geta fært sönnur áætlað sakleysi sitt milliliðalaust fyrir dómurum Hæstaréttar. Því skyti skökku við að ekki væri heimilt að bæta úr þeim ágalla við nýja málsmeðferð allra mála sem ekki hafa nú þegar verið endurupptekin með úrskurðum Endurupptökudóms, svo sem frumvarpinu er ætlað að gera. Með heimild til að vísa málum til meðferðar og dómsuppsögu í Landsrétti, sem tekur til allra mála sem óafgreidd eru af Endurupptökudómi, eiga ákærðu möguleika á þeirri réttlátu málsmeðferð sem þeir hafa farið á mis við og er því um ívilnandi en ekki íþyngjandi breytingu að ræða fyrir þá. Sú tillaga sem lögð er til í frumvarpinu felur því í sér mun betra samræmi við ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu heldur en sú staða sem nú er uppi og er til þess fallin að bæta úr ágöllum á málsmeðferð sem bent hefur verið á af hálfu Mannréttindadómstóls Evrópu í tilteknum málum.

Fyrir hönd ráðherra


Bryndís Helgadóttir


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson